

## Ísland árið 2015 –

Forsætisráðherra, ágætu ráðstefnugestir

Það er ekki einfalt mál að spá fyrir um hvernig Ísland verði árið 2015 eða eftir 10 ár. Og að öllum líkindum mun spádómur minn verða álíka langt frá raunveruleikanum, eins og hjá þeim sem settust í spámannssætið fyrir 10 árum og spáðu fyrir um stöðuna í dag. Staðreyndin er nefnilega sú að sá hraði og þær breytingar sem einkenna líf okkar nú eru langt umfram það sem nokkurn óraði fyrir

Það umhverfi sem við lifum í og það alþjóðlega umhverfi sem Ísland er nú hluti af mun án efa breytast gríðarlega á næstu árum. Það mun hafa í för með sér meiri þjóðfélagsbreytingar en dæmi eru um. Þess vegna er mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr að við mótum okkur framtíðarstefnu. Hvar viljum við sjá Ísland í framtíðinni? Hvernig verður Ísland árið 2015?

Þegar við lítum um öxl og veltum fyrir okkur þróuninni á Íslandi og í alþjóðasamfélaginu á undanförunum árum þá sjáum við að gríðarlegar breytingar hafa átt sér stað. Aukið aðgengi að internetinu hefur leitt til hreint magnaðrar upplýsingabyltingar og óhætt er að fullyrða að samkeppnishæfni smárra og fremur afskektra þjóða eins og Íslands hefur tekið stórt stökk frammávið. Á sama tíma hafa nýir keppinautar komið fram á sjónarsviðið sem eru mörg lönd Asíu og Austur-Evrópu en þessi lönd hafa sogað til sín fjárfestingu og viðskipti í áður óþekktum mæli. Fyrir Ísland eru þetta bæði ógnanir og tækifæri.

Það er ljóst að við getum ekki horft fram hjá því að við erum í bullandi samkeppni við aðrar þjóðir. Markmiðið hlýtur að vera að skapa hér lífskjör til framtíðar sem eru á meðal þess besta sem gerist í heiminum. Samkeppnin gengur út á að laða til sín fjármang og fjárfestingu, laða til sín og byggja upp hæfileikafólk, efla nýsköpun og styðja rækilega við bakið á fumkvöðlum og fumkvöðlafyrirtækjum.

Ein mest áberandi breyting á íslensku viðskiptalífi undanfarin ár og það sem hefur skilað meiru til þjóðarbúsins en nokkuð annað er hin svokallaða útrás. Mörg íslensk fyrirtæki hafa byggt upp hluta eða alla starfsemi sína erlendis og eru nú orðin stór í sínum atvinnugreinum jafnvel í alþjóðlegum samanburði. Þessi fyrirtæki skila í auknum mæli skatttekjum og ýmiskonar þjónustutekjum til Íslands í mun stærra hlutfalli en bein starfsemi þeirra hér á landi gefur tilefni til að ætla. Fjárfestingar þeirra erlendis hafa verið stórfelldar og fram til þessa að mestu leyti arðsamar. Þær hafa skilað hluthöfum sínum gríðarlegum verðmætum á stuttum tíma. Beina hluthafa íslensku útrásarfyrirtækjanna er hægt að telja í tugþúsundum og margfalt fleiri eru óbeinir hluthafar í gegnum lífeyrissjóði landsmanna. Sú verðmætaukning sem Íslendingar hafa þannig notið á undanförunum árum nemur meira en billjón króna eða 1000 milljörðum króna og á sér sennilega engan sinn líka í heiminum. Ég vil nánast fullyrða að sú velmegun sem við höfum búið við á undanförunum misserum er að stærstum hluta til komin vegna þessar verðmætaukningar og að mínu mati endurspeglast þessi nýsköpuðu verðmæti ekki að fullu í hefðbundnum mælingum á auðlegð, kaupmætti og lífskjörum okkar Íslendinga.

Þær efnahags- og pólitísku aðgerðir sem stjórnvöld gripu til fyrir um 15 árum síðan með afnámi margskonar hafta, opnun hagkerfisins og inngöngunni í evrópska efnahagssvæðið leiddu beint og óbeint til þessarar góðu stöðu. Í stuttu máli þá hefur sú stefna sem stjórnvöld tóku og framfylgdu, og núverandi stjórnvöld hafa viðhaldið, leitt til mesta hagvaxtar- og framfaraskeiðs í sögu íslensku þjóðarinnar. Flest helstu útrásarfyrirtækin í dag voru dæmigerð lítil frumkvöðlafyrirtæki á þeim tíma sem þessar ákvarðanir voru teknar. Ég geri ráð fyrir því að sú framtíðarsýn sem þá var lögð fram, hafi skilað sér og sennilega gott betur.

Það sem stjórnmalámennt þurfa hins vegar að spyrja sig að nú er hvað ætlum við að gera til að tryggja viðvarandi uppgang íslensk atvinnulífs og hvaða skilyrði þurfum við að skapa ungum fyrirtækjum og atvinnugreinum til að þau megi verða samkeppnishæf á alþjóðamörkuðum í framtíðinni. Þau fyrirtæki sem nú vaxa úr grasi á Íslandi eiga að verða næsta kynslóð

útrásarfyrirtækja og taka núverandi útrásarfyrirtækjum fram innan áratugar hvað varðar flesta þá þætti sem við mælum til árangurs. Það eru væntingar sem við hljótum að gera til þeirra. En á móti þurfum við að skapa umgjörð sem gerir þessum félögum kleift að standa undir væntingum okkar í framtíðinni.

### **Horft til framtíðar**

Ég mjög bjartsýnn á framtíðina. Það byggi ég á ýmsum jákvæðum þáttum og mikilvægast þar er án efa sú staðreynd að við erum yngsta þjóð Evrópu. Á næstu tíu árum mun fjöldi þeirra sem kemur inn á vinnumarkaðinn, umfram þá sem fara á eftirlaun, verða rúmlega 20 þúsund manns. Það mun skipta sköpum að þessi nýja kynslóð verði sem best undirbúin í menntakerfinu fyrir þau störf sem bíða á vinnumarkaðnum. Og þó. Ef til vill er rangt að tala um að einhver störf bíði á vinnumarkaðinum. Ungt fólk býr að miklu leyti til sín eigin tækifæri og störf með menntun sinni og frumkvæði. Upplýsingatæknin hefur smækkað heiminn og þær borgir sem vaxa hraðast í Bandaríkjunum og í Evrópu eru þær sem hafa hæsta hlutfall sérfræðimenntaðra einstaklinga. Reykjavík verður að standast samanburð við þessar borgir, við erum einfaldlega í samkeppni við þær um gott fólk.

Fleiri þætti mætti nefna. Við búum við sveigjanlegan vinnumarkað og erum á meðal vinnusömustu þjóða Evrópu. Þá er atvinnuleysi jafnframt minna hér á landi, en í nokkru öðru Evrópuríki og atvinnuþátttaka Íslendinga ein sú mesta í heimi. Hér eru því allar forsendur fyrir kröftugu efnahagslífi. Þessu til viðbótar er lífeyrissjóðskerfið okkar sérlega öflugt og er svo dæmi sé tekið um tvöfalt stærra sem hlutfall af þjóðartekjum á mann en olúsjóður Norðmanna, en ýmsir hafa í gegnum tíðina litið hann öfundaraugum. Þessar aðstæður skipta miklu máli fyrir atvinnulífið.

### **Þekking**

Þjóðir í dag mynda sér samkeppnisforskot með menntun. Orðið menntun þýðir upphaflega að verða að manni, að læra og þroska sína hæfileika. Það geta menn og konur að vísu gert á öðrum stöðum en í formlegum menntastofnunum og víst er að fjölmargir hafa náð að menntast vel í skóla

lífsins. Samt sem áður hlýtur almenn velferð þjóða að velta á gæðum þeirrar formlegu skólagöngu sem stendur til boða.

Hafi ríkið einhverstaðar hlutverki að gegna í atvinnulífinu þá er það einna helst í menntamálum. Fjárfesting í menntun og þekkingu er einhver arðsamasta fjárfesting sem við getum ráðist í. Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga að árangur fjárfestingar veltur ekki aðeins á því hve miklum peningum er varið í hana heldur miklu frekar hvernig þeim er varið.

Skólastarf verður að einkennast af aga og metnaði. Við eigum að spyrja okkur þeirrar spurningar hvort börnin okkar fái í gegnum skólastarfið besta undirbúning sem völ er á. Við ættum að setja okkur það markmið að vera í fararbroddi allra þjóða hvað þetta varðar árið 2015.

Hver eru markmiðin hjá íslensku háskólunum? Ættum við ekki að stefna að því að eiga háskóla sem geta komist á lista yfir bestu háskóla í heimi. Í dag kemst enginn íslenskur háskóli í hóp þeirra 500 bestu í heiminum. Er það ásættanlegt? Ættum við ekki að setja okkur hærri markmið í þessum efnum. Fyrir tíu árum hefðu fáir búið við að í dag ættum við fjöldann allan af alþjóðlega samkeppnishæfum fyrirtækjum. Af hverju getum við ekki átt alþjóðlega samkeppnishæfa háskóla? Af hverju ættum við sætta okkur við minni metnað í menntamálum en við gerum annars staðar.

### **Ný hugsun**

Þótt miklar breytingar hafi átt sér stað á síðustu tíu árum eymir þó enn víða eftir að gömlum og að mínu mati úreltum hugsunarhætti. Dæmi um það er sú áhersla okkar á þungaiðnað – þá einkum álver – eða hin svokallaða stóriðjustefna. Sú skoðun virðist vera almenn á meðal Íslendinga að þeir verði að framleiða eitthvað áþreifanlegt en geti ekki lifað á þekkingu og þjónustu.

Ef við spyrjum okkur grundvallar spurningarinnar sem er: Teljum við að áframhaldandi uppbygging stóriðju og áliðnaðar á Íslandi sé sú leið sem muni skila okkur mestu í framtíðinni og að þeirri fjárfestingu, sem nemur og

mun nema hundruðum milljarða króna á næstu árum muni skila okkur meiri arðsemi en fjárfesting í því hugviti og þeim krafti sem Íslendingar búa yfir sem þjóð?

Ég er sannfærður um að jafnvel þó að íslendingar nái því að komast í hóp stærstu álframleiðenda heims og myndu virkja alla hagkvæmustu virkjunarkosti landsins myndi arsemi þess og hagur fyrir íslenskt samfélag aldrei verða meiri en sem nemur framlagi eins öflugss útrásarfyrirtækis.

Það er mýta að hagkerfið þurfi á álverum til að vaxta. Þeir sem trú á því eru í raun að lýsa yfir vantrausti á íslenskt atvinnulíf og getu þess til að skapa þjóðinni ný verðmæti.

Nú stendur til að byggja ný álver og stækka þau sem fyrir eru á næstu árum og landið er brátt að verða eitt helsta álframleiðsluland heims. Þetta segir okkur auðvitað að krónan mun halda áfram styrk sínum þannig að önnur íslensk iðnfyrirtæki geta farið að pakka saman og flytja starfsemi sína. Þetta gefur auga leið. Hvaða útflutningsgreinar munu þola áratugar nær samfellt uppbyggingarskeið í stóriðju frá 2003 til 2013? Afleiðingin gæti einfaldlega orðið sú að útflutningur aukist í raun og veru ekkert þegar upp er staðið heldur færast útflutningsframleiðslan á milli greina. Þannig gætu þær útflutningsgreinar horfið á braut sem byggja á þekkingu og hugviti og hafa háan virðisauka?

### **Framleiðsla versus þjónusta**

Vestræn þjóðfélög eru í vaxandi mæli að breytast úr framleiðsluþjóðfélögum í þekkingar- og þjónustuþjóðfélög. Hvarvetna í Vestur-Evrópu fer framleiðslustöfum fækkandi. Störfunum hefur fækkað annað hvort vegna þess að vélar hafa leyst mannshöndina af hólmi eða störfin hafa flust til lálaunalandanna.

Við sjáum einnig að velferð vestrænna ríkja veltur að miklu leyti á því hve vel þeim hefur tekist að laga sig að þessum breytingum. Gott dæmi um það er Bretland en árið 1970 stóð framleiðsla í Bretlandi undir helmingi

landsframleiðslunnar en í dag er þetta hlutfall hins vegar komið niður í einungis 20%. Þessi breyting hefur að mestu komið til vegna aukins vægis þjónustu en Bretland er nú fjármálamiðstöð Evrópu og hefur að auki byggt upp fjölmargar öflugar þekkingar- og þjónustugreinar svo sem tónlist, líftækni, auglýsingagerð, tískuhönnun og ferðþjónustu. Svipuð þróun hefur átt sér stað í flestum Evrópulöndum en hún er þó mislangt á veg komin hjá hjá stærri þjóðum Evrópusambandsins. Ein helsta ástæðan er sú að þar hafa stjórnvöld staðið í vegi fyrir nauðsynlegri endurnýjun í atvinnulífinu.

Síðustu áratugi hefur sjávarútvegurinn staðið undir stærstum hluta landsframleiðslunnar. Sjávarútvegurinn mun áfram gegna mikilvægu hlutverki. Ekki má gleyma því að í tengslum við sjávarútveginn hafa jafnframt byggst upp öflug þekkingarfyrtæki.

Mikilvægi framleiðslugreinanna hefur hins vegar á síðustu árum verið að breytast og má segja að við Íslendingar séum nú á hraðri leið að verða þjónustujóð. Það á ekki að óttast þessa þróun heldur eigum við að fagna henni. Við sjáum nú æ stærri hluta landsframleiðslunnar koma frá þjónustugreinum svo sem fjármálaþjónustu og ferðaþjónustu. Raunar er nú svo komið að fjármálaþjónustan á skilar orðið álíka miklu til landsframleiðslunnar en sjávarútvegur.

Í framhaldi af því finnst mér sérstök ástæða til að fagna því ágæta framtaki forsætisráðherra að setja á stofn sérstaka nefnd sem kanna á möguleika okkar á að byggja hér upp alþjóðlega fjármálamiðstöð.

Ég held að íslenskt atvinnulíf hafi sýnt það svo um munar að það þáð býr yfir krafti, framsýni og kjarki til að takast á við hraðar breytingar og alþjóðlega samkeppni. Við höfum mannskap, þekkingu, fjármagn, áræði og vilja sem við verðum að virkja og ef rétt er á haldið mun það gera okkur að ríkustu þjóð í heimi.

Ágætu áheyrendur.

Ísland árið 2015 verður þekkingar og þjónustubjóðfélag sem byggir á þjónustu við íslensk alþjóðafyrirtæki, öflugri ferðþjónustu og vaxandi fjármálaþjónustu. Við verðum með fjölda nýsköpunarfyrirtækja og mörg ung útrásarfyrirtæki sem tryggja munu áframhaldandi samkeppnishæfni þjóðarinnar.

Forssarnir okkar og jarðvarminn munu hvergi fara. Þau hafa verið og munu verða á Íslandi um ókomnar aldir. Við munum hins vegar missa þá auðlind, sem okkur er mikilvægust, það er, hugvitið og fólkið ef við hlúum ekki að því eins og nauðsynlegt er. Við erum í samkeppni og við sem þjóð höfum ekki efni á öðru en að fjárfesta þar sem arðurinn verður mestur.

Við Íslendingar erum engum öðrum líkir. Við höfum sýnt og sannað tilverurétt okkar í samfélagi þjóðanna og náð að byggja upp gott mannlíf og öflugan efnahag sem allur þorri almennings er þátttakandi í og hefur notið góðs af með auknum kaupmætti launatekna og hlutdeild í hækkandi eignaverði. Við höfum skapað kraftmikið þjóðfélag með hátt menntunarstig og mikla menningararfleifð. Við Íslendignar höfum upplifað ótrúlegar breytingar á síðustu árum. Hraðinn í þjóðfélaginu nú er margfalt meiri og ég get lofað ykkur því að hraði breytinganna mun aukast.

Takk fyrir.